

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Íþróttafélagið Fylkir, kt. 481173-0359, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt Fylkir, gera með sér eftirfarandi

## Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Fylkisveg.

### 1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður annað sem tilheyrir vellinum svo sem girðingar, vallarklukka, mörk og varamannaskýli endurnýjað. Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tækniþúnað vallarins, innréttar hana og sér um endurnýjum heimæðar sé þess þörf.

Fylkir mun sjá um að ljúka öðrum nauðsynlegum framkvæmdum við völlinn þar með talið: salerni, sjúkrahærborgi, fundaraðstöðu, blaðamannaáðstöðu, veitingasölu, barnahærborgi o.fl.

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um deiliskipulag.

Undirbúningur við gervigrasvöll hefst strax í janúar 2018 og áætlað að hægt verði að spila á vellinum í lok maí 2018. Stefnt er að því að öllum framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2018.

Völlur og þúnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

### 2. *Skil á æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.*


Fylkir skilar til Reykjavíkurborgar því svæði sem þeir hafa haft og nýtt milli Hraunbæjar og Bæjarháls þegar lokið er við að leggja gervigras á aðalvöll félagsins samkvæmt 1. grein.

### 3. *Nýjar lóðir við Hraunbæ.*

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthluta lóðum sem til verða á því svæði sem Fylkir losar við Hraunbæ og mun ákveða söluverð lóða. Verði söluverð byggingarréttar hærra en sem nemur 400 milljónum, sem er fyrirhugaður kostnaður við endurbætur samkvæmt 1. grein, mun 20% af söluverði sem verður umfram framkvæmdakostnað fara í aðrar endurbætur á svæði Fylkis.

### 4. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Fylkis.*

Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fylkir mun skipa starfshóp sem á tímabilinu 1. nóvember 2017 - ~~29~~ febrúar 2018 mun vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Fylkis og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Mun borgarstjóri leggja fram erindisbréf starfshópsins í byrjun desember 2017.



Reykjavík 18.12.2017

